

From: [Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir](#)
To: [Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholt](#); [Íbúaráð Breiðholt](#); [Íbúaráð Grafarholt og Úlfársardalur](#); [Íbúaráð Grafarvogur](#); [Íbúaráð Háaleiti og Bústaðahverfi](#); [Íbúaráð Kjalarnes](#); [Íbúaráð Laugardalur](#); [Íbúaráð Miðborg og Hlíðar](#); [Íbúaráð Vesturbær](#)
Cc: [Heimir Snær Guðmundsson](#)
Subject: Framtíðarhópur í stefnuvinnu - Þjónusta við eldra fólk í Reykjavík
Date: þriðjudagur, 6. febrúar 2024 17:30:50
Attachments: [image001.png](#)
[image002.png](#)

Ágæti viðtakandi, fulltrúi íbúaráðs í Reykjavíkurborg.

Síðustu vikur hefur verið í gangi undirbúningur vegna heildstæðrar stefnuvinnu í málefnum eldra fólks í Reykjavík. Stefnan á að endurspeglar og hafa samhljóm við áherslur í öðrum stefnum Reykjavíkurborgar er lúta að velferð borgarbúa. Velferðarráð hefur skipað stýrihóp með kjörnum fulltrúum sem hefur falið Ráðgjafa- og hugbúnaðarfyrirtækinu Expectus að halda utan um og stýra stefnuvinnunni. Undirrituð annast verkefnastjórn fyrir hönd Expectus og í umboði stýrihópsins og starfsmanna Velferðarsviðs.

Í ferlinu er horft til þess að til grundvallar liggur skuldbinding Reykjavíkurborgar frá árinu 2015 um að Reykjavík sé aldursvæn borg. Horft verður til átta málefnasviða WHO um aldursvænar borgir við mótun stefnunnar. Málefnasviðin átta eru útisvæði og byggingar, samgöngur, húsnæði, félagsleg þátttaka, virðing og félagsleg viðurkenning, virk samfélagsþátttaka og atvinnumöguleikar, samskipti og upplýsingar, samfélags- og heilbrigðisþjónusta.

Með hliðsjón af málefnasviðunum er ljóst að stefnumörkunin þarf að hvíla á aðkomu allra hagaðila, fulltrúum frá öllum sviðum borgarinnar og stórs hóps sérfræðinga og fagfólks.

Í tengslum við vinnuna eru haldnir ýmiskonar samráðsfundir með notendum og hagaðilum. Einn af þeim hópum sem við viljum gjarnan ná til eru framtíðarnotendur þjónustunnar þ.e.a.s. fólk á aldrinum 50-65 ára enda áhugavert og mikilvægt að heyra hugmyndir þessa hóps þegar horft er til þriðja æviskeiðsins.

Fundurinn verður haldinn 21. febrúar og stendur í um það bil 2 tíma. Nú leitum við til íbúaráða eftir aðstoð með að setja saman þennan hóp og langaði að fara þess á leit að öll ráð tilnefndu tvo fulltrúa í hópinn, fulltrúarnir þyrftu að miðast við einstaklinga á aldrinum 50-65 ára og gott væri ef tilnefndir væru ekki af sama kyni. Við munum svo hafa samband við þá sem tilnefndir eru varðandi þátttöku og nákvæmari upplýsingar um efnistöku á fundunum.

Það væri afar gagnlegt ef þið hefðuð tök á að skoða þetta erindi og bregðast við eins fljótt og kostur er.

Ef þú hefur einhverjar frekari spurningar um verkefnið hvet ég þig til að hafa samband. Velkomið að senda tölvupóst á netfangið ingibjorg@expectus.is eða hringja í síma 896-8486.

Kærar kveðjur,
Ingibjörg Ösp
896-8486

Bestu kveðjur / Kind regards,

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir

Ráðgjafi

ingibjorg@expectus.is

Tel: +354 444 9800 | Mobile: +354 896 8486

EXPECTUS

www.expectus.is | www.exmon.com | [LinkedIn](#) | [Facebook](#)



FYRIRTÆKI
ÁRSINS 2023

Expectus